

dæma kærðum eiðinn, þannig að synji hann fyrir það með eiði eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að hann hafi haft holdlegar samfarir við kæranda á tímabilinu frá 5. nóvember 1935 til 25. janúar 1936, þá skal hann vera sýkn af kröfum hennar í máli þessu og málskostnaður falla niður.

Vinni kærður hinsvegar ekki svofelldan eið, skal hann teljast faðir að barni því, er kærandi ól þann 25. september þ. á., greiða meðlag með barninu og barnsfararkostnað til barnsmóður svo og styrk til hennar fyrir og eftir barnsburð samkvæmt úrskurði yfirvalds og loks málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 20 krónur.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 10. maí 1937.

Nr. 119/1936. Sigurður Berndsen

(Lárus Jóhannesson)

gegn

lögreglustjóranum í Reykjavík f. h.

rikissjóðs (Stefán Jóh. Stefánsson).

Héraðsdómur ómerktur ex officio í hæstarétti, með því að talið var, að héraðsdómari hefði átt að víkja úr dómarasæti ex officio.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. júní 1936: Stefndur, lögreglustjóri Gústav A. Jónasson f. h. rikissjóðs, skal vera sýkn af kröfu stefnandans, Sigurðar Berndsen, í máli þessu. Stefnandi greiði stefndum kr. 150.00 í málskostnað innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Uppboð það, sem í hinum áfrýjaða dómi getur og fellt var úr gildi með dómi hæstaréttar 25. okt. 1935 fyrir þá sök, að það þótti ekki birt með

nægilegum fyrirvara, telur áfrýjandi hafa bakað sér tjón og heimtíð hann bætur fyrir það tjón í máli þessu. Uppboðsbeiðandi, lögreglustjóri Reykjavíkur f. h. ríkissjóðs, er að vísu aðeins krafinn bóta í máli þessu. Ef hann yrði sýknaður, þá kynni áfrýjandi að heina kröfu sinni á hendur uppboðsráðandanum, héraðsdómaranum í máli þessu. Og ef stefndi, uppboðsbeiðandinn, yrði dæmdur til þess að greiða bætur, kynni hann þá að geta beint endurgjaldskröfu á hendur sama dómara. Úrslit málsins gætu því, hvor sem niðurstaðan yrði, varðað héraðsdómarann svo verulega, að svo þykir verða að líta á sem hann hefði átt eftir dómtöku þess að vikja úr dómarasæti í því ex officio, og verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm ex officio.

Málsaðiljar hafa krafizt málskostnaðar hvor af öðrum fyrir hæstarétti, en eftir atvikum þykir rétt að láta málskostnað falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausu sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 29. jan. s. l., af Sigurði Berndsen, kaupmanni, Grettisgötu 71 hér í bæ, gegn Gústavi A. Jónassyni, lögreglustjóra, hér í bænum, f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að upphæð kr. 3197.29, með 6% ársvöxtum frá 16. des. f. á. til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu. —

Málavextir eru þeir, að með dómi lögregluréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 24. maí 1934, var Guðmundur Jónsson, Bragagötu 31, dæmdur í 1200 króna sekt til ríkissjóðs fyrir brot á áfengislöggjöfinni. Hinn 4. ágúst

1934 var fjárnám til tryggingar sektarkröfunni gjört hjá dómpöla í dómskuld, sem hann átti á Guðmund Þorkelsson, kaupmann í Langholti, samkv. dómi uppkveðnum í gestarétti Reykjavíkur 26. maí 1934, að upphæð kr. 3800.00 með 6% ársvöxtum frá 4. marz 1934 til greiðsludags og kr. 300.00 í málskostnað. Samkvæmt fjárnámi þessu var dómskuldin síðan seld á uppboði 15. ágúst 1934, og nam kaupverðið kr. 500.00. — Uppboðinu var áfrýjað og með dómi, uppkveðnum í hæstarétti 25. okt. f. á., var það úr gildi fellt og stefndur dæmdur til málskostnaðargreiðslu, en með bréfi, dagsettu 10. okt. 1934, hafði Guðmundur Jónsson framselt stefnanda allan rétt sinn samkvæmt fyrrnefndum gestaréttardómi á hendur Guðmundi Þorkelssyni svo og skaðabótarétt þann, er hann kynni að eiga gagnvart ríkissjóði vegna uppboðsins. Eftir kröfu stefnds var dómskuldin síðan seld aftur á uppboði, er fram fór 3. maí s. l. Nam söluverð hennar þá kr. 50,00, og stendur það uppboð óhaggað.

Dómkröfuna reisir stefnandi á því, að með fyrri upphæðinni (sic) hafi Guðmundur Jónsson og síðar hann sjálfur misst umráðaréttinn yfir dómskuldinni á áðurnefndan Guðmund Þorkelsson, meðal annars hafi þeir verið sviptir möguleikanum til þess að ganga að honum, en á þeim tíma hafi fjárhag hans verið svo farið, að skuldin hafi verið í nafnverði. Hinsvegar hafi fjárhag hans hrakað svo á tímabilinu frá því að uppboðið fór fram og þangað til það var úr gildi fellt, að krafan á hendur honum hafi á þeim tíma orðið einskisvirði. Telur stefnandi, að hið ólögmæta uppboð hafi því bakað sér tjón, sem stefndum sem uppboðsbeiðanda sé skylt að bæta. Gerir stefnandi eftirfarandi grein fyrir upphæð skaðabótanna.

1. Höfuðstóll dómskuldarinnar	kr. 3800.00
2. Vextir frá $\frac{1}{3}$ 1934 til $1\frac{1}{2}$ 1935	— 487.29
3. Málskostnaður	— 300.00

Samtals kr. 4587.29

Frá þessu telur stefnandi eiga að dragast:

1. Sekt Guðmundar Jónssonar	kr. 1200.00
2. Málskostnaður í lögreglumálinu	— 20.00
3. Fjárnámskostnaður og innheimtul.	— 170.00

Alls kr. 1390.00

Kemur þá mismunurinn kr. 3197.29 heim við hina umstefndu upphæð. —

Stefndur hefir mótmælt kröfum stefnanda og krafizt algerðar sýknu af þeim og málskostnaðar hjá honum að skaðlausu.

Byggir stefndur mótmælakröfuna meðal annars á því, að dómþoli, Guðmundur Þorkelsson, hafi um langt skeið verið mjög illa staddur fjárhagslega. Telur hann fjárhag hans (G.Þ.) þegar hafa verið svo bágan, er fyrra uppboðið fór fram, að umrædd dómskuld á hendur honum hafi á þeim tíma alls ekki verið meira virði en í hana var boðið á uppboðinu. Verðmæti kröfunnar hafi því ekki verið nálægt því nægilegt til greiðslu sektarinnar að viðbættum áföllnum kostnaði, hvað þá, að eigandi hennar hafi getað vænt þess, að nokkuð yrði afgangs honum til handa. Til stuðnings þeirri staðhæfingu sinni, að fjárhagur nefnds G.Þ. hafi verið bágborinn, hefir stefndur bent á það, að árangurslaust lögtak hafi verið gert hjá honum fyrir opinberum gjöldum hinn 27. marz 1935.

Gegn mótmælum stefnds hefir stefnandi engar sönnur á það fært, að umrædd skuld hafi á uppboðsdegi þeim, er hér skiptir máli, verið meira virði en þá var í hana boðið. — Ekki hefir hann heldur bent á nein atvik, er bendi til þess eða geri það líklegt, að fjárhagur dómþola, G.Þ., hafi versnað á tímabilinu frá því að uppboðið fór fram og þar til það var ómerkt. Verður því ekki séð, að skaðabótakrafa stefnanda hafi við rök að styðjast, og verða þá úrslit máls þessa þau, að stefndur verður sýknaður og honum tildæmdur málskostnaður, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 150.00.